



Dagsetning: 8. nóvember 2024  
Málsnúmer: 2411050/8.10

## Til fjölskyldunefndar

# MINNISBLAÐ

## um breyting á frístundastyrk Fjarðabyggðar

Til að efla stuðning við fjölskyldur í Fjarðabyggð og gera börnum og ungmennum auðveldara aðgengi að frístundastarfi er lögð fram tillaga um hækkun á frístundastyrknum til barna og unglinga. Markmið breytingarinnar er að bæta möguleika barna á að taka þátt í íþrótt-, tómsunda- og æskulýðsstarfi óháð efnahag heimilisins. Með þessari breytingu yrði styrkurinn hækkaður úr 10.000 kr. í 20.000 kr. á ári fyrir hvert barn á aldrinum 6 til 18 ára.

## Nýting og kostnaður undanfarinna ára

Nýting frístundastyrksins hefur farið vaxandi undanfarin ár, sem sýnir aukna þátttöku barna og ungmenna í frístundastarfi. Árið 2022 nam kostnaður við styrkinn rúmlega 3 milljónum króna, árið 2023 hefur hann numið um 4,3 milljónum, og fyrir árið 2024 í nóvember mánuði hefur nýtingin þegar náð 4.239.500 kr. Þessar tölur gefa til kynna að eftirspurnin fyrir styrkinn hefur vaxið jafnt og þétt, og styrkurinn er því orðinn mikilvægur þáttur í stuðningi sveitarfélagsins við fjölskyldur.

## Áhrif hækkunar á fjárhagsáætlun

Frístundastyrkurinn hefur hingað til verið fjármagnaður með 7 milljónum króna árlega í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Með fyrirhugaðri hækkun á styrkfjárhæðinni í 20.000 kr. á barn/ungmenni má þó búast við að kostnaðurinn tvöfaldist miðað við núverandi nýtingu, eða samtals 8 til 9 milljónum króna á ári.

## Gildistaka og áætlun áhrif

Ef tillagan er samþykkt af fjölskyldunefnd, er lagt til að breytingin taki gildi 1. janúar 2025 og gildi þá fyrir árið í heild. Vonir standa til þess að þessi breyting verði mikilvægur stuðningur



fyrir fjölskyldur og hvetji fleiri börn til þátttöku í frístundastarfi, sem mun hafa jákvæð áhrif á þeirra líðan, félagsfærni og þroska.

Magnús Árni Gunnarsson  
Stjórnandi íþróttu og frístundamála

